

Mánudaginn 11. júlí 1994.

Nr. 7/1994.

Leiguflug, Ísleifur Ottesen hf.

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

gegn

Félagi íslenskra atvinnuflugmanna F.Í.A.

(Atli Gíslason hrl.)

Ólögmat vinnustöðvun.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Erla Jónsdóttir, Gylfi Knudsen, Gunnar Guðmundsson og Gunnar Sæmundsson.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ.m., höfðaði Leiguflug, Ísleifur Ottesen, kt. 591291-1229, Reykjavíkurflugvelli, Reykjavík, fyrir Félagsdómi á hendur Félagi íslenskra atvinnuflugmanna, F.Í.A., kt. 530169-3839, Háaleitisbraut 68, Reykjavík með stefnu útgefinni 5. þ.m. og þingfestri sama dag.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að ákvörðun stefnda um að boða verkfall hjá stefnanda er tekin var á félagsfundi í hinu stefnda félagi hinn 28. júní sl. og hefjast skal hinn 7 þ.m. kl. 00.01. verði dæmd ólögmat.
2. Að framkvæmd boðaðs verkfalls hjá stefnanda verði dæmd ólögmat.
3. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati réttarins.

Dómkröfur stefnda:

Upphaflega krafðist stefndi þess að málinu verði vísað frá dómi en undir rekstri málsins breytti hann kröfu sinni á þann veg að krefjast þess að 2. lið í dómkröfu stefnanda verði vísað frá dómi.

Í öðru lagi er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda.

Jafnframt er krafist málskostnaðar með virðisaukaskatti úr hendi stefnanda að mati dómsins hver sem úrslit málsins kunna að verða.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst á þá leið að stefnandi reki lítið flugfélag og séu verkefni þess einkum leiguflug og flugkennsla. Stefnandi, sem ekki sé aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands, hafi ekki kjarasamning við stefnda, en hafi gert starfssamninga, persónubundna ráðningarsamninga, við starfsmenn sína. Hafi stefnandi

gætt þess að kjör starfsmanna hans væru eigi lakari en lánmarkslaun er aðilar vinnumarkaðarins hafa samið um fyrir sambærileg störf. Flugmenn í þjónustu stefnanda hafi framan af ekki verið aðilar að hinu stefnda félagi en hafi gerst aukafélagar í því fyrr á þessu ári með takmörkuðum félagsréttindum. Eftir þetta hafi hið stefnda félag leitað eftir því með vaxandi þunga að stefnandi gerði kjarasamning við félagið um kjör flugmanna í þjónustu hans, en stefnandi hafi hafnað slíkri samningsgerð og talið hana óþarfa þar eð starfssamningar flugmanna í þjónustu hans svo og lög um starfskjör launþega, auk ýmissa annarra laga og almennar reglur vinnuréttarins tryggðu með fullnægjandi hætti kjör og starfsöryggi starfsmanna hans. Þá henti þeir kjarasamningar sem stefndi leitaði eftir að gera, ekki því rekstrarformi, sem stefnandi viðhafi í rekstri sínum. Stefndi hafi boðað til félagsfundar er halda skyldi hinn 28. júní sl. og hafi fundurinn verið boðaður með dreifibréfi til félagsmanna, sem virðist hafa verið sent félagsmönnum hinn 24. júní og með auglýsingum í fjölmiðlum líklega 26.-27. júní. Fyrsta mál á dagskrá samkvæmt fundarboði hafi verið „staða samningamála við Leiguflug h.f. og tillaga stjórnar um verkfallsboðun“ . Fundurinn hafi verið haldinn að kvöldi 28. júní, en ekki hafist fyrr en nær 2 klst. eftir boðaðan tíma vegna þess að fundarsókn hafi ekki náð tilskyldu lágmarki skv. félagslögum fyrr en eftir að kallað hafi verið eftir mönnum að mæta á fundinn. Á fundi þessum hafi verið samþykkt með atkvæðagreiðslu, sem fram hafi farið með handauppréttingum, tillaga stjórnar um að boða verkfall hjá Leiguflugi h.f. Hafi þessi ákvörðun verið samþykkt á fundi trúnaðarráðs daginn eftir og muni tilkynning um þetta stíluð á Leiguflug h.f., merkt Ísleifi Ottesen, hafa verið boðsend hinn 29. júní sl. Stefnandi hafi mótmælt fyrirhugðu verkfalli sem ólögmætu með hraðskeyti hinn 1. þ. m. Hinn 4. júlí hafi aðilar verið boðaðir til fundar hjá Ríkissáttasemjara en fundurinn árangurslaus.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að ákvörðun félagsfundar um boðun umrædds verkfalls hafi verið ólögmæt þar eð hún fari í bága við ákvæði 15. gr. l. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Skv. tilvitnuðu ákvæði, sem talið sé geyma tæmandi upptalningu á þeim aðferðum við ákvarðanatöku sem gæta þurfi til að vinnustöðvun teljist heimil, geti félagsfundur ekki ákveðið að félag hefji vinnu-

stöðvun nema fram hafi farið almenn leynileg atkvæðagreiðsla í félaginu. Í máli þessu hafi ekki verið viðhöfð leynileg atkvæðagreiðsla heldur handaupprétting. Staðfesting trúnaðarráðs á ákvörðun félagsfundarins á fundi þess hinn 29.06. sl. hafi enga þýðingu. Samkvæmt lögum F.Í.A. 22. gr. hafi trúnaðarráð ekki heimild til að boða til vinnustöðvunar nema að fenginni heimild félagsfundar. Heimild c-liðar 15. gr. 1. 80/1938 eigi því ekki við í máli þessu enda hafi félagsfundurinn sjálfur ákveðið verkfallið með fyrrgreindum hætti. Umboð fundarins til trúnaðarráðs hafi ekki tekið til boðunar verkfalls hjá Leiguflugi h.f. enda hafi fundurinn þegar ákveðið það verkfall. Þá verði að ætla, að geti félagsfundur veitt trúnaðarráði umboð til verkfallsboðunar verði það að gerast með leynilegri atkvæðagreiðslu, sbr. b-lið 15. gr. 1. 38/1980.

Stefnandi telur auk framanritaðs að efast megi um lögmæti margnefnds félagsfundar bæði vegna þess að hann hafi verið boðaður með afbrigðilegum hætti og stytum fyrirvara án þess að sýnilegt sé að brýna nauðsyn hafi borið til, svo og vegna þess að á boðuðum fundartíma hafi ekki verið mættur tilskilinn lágmarksfjöldi félagsmanna eða umboðsmanna þeirra. Félagsfundur geti ekki haft umboð til þess að boða verkfall, sem einvörðungu sé ætlað að taka til aukafélaga, sem hafi stórlega skert félagsréttindi og séu ekki atkvæðisbærir í félaginu, sér í lagi þegar fyrir liggi, að umræddir aukafélagar séu mótfallnir fyrirhuguðu verkfalli. Verði að telja að í b-lið 2. gr. félagslaga F.Í.A. sé átt við fullgilda félagsmenn einvörðungu, sbr. þann mun sem gerður sé í lögnum á félagsmanni, sbr. 11. gr. og aukafélaga, sbr. 6. og 7. gr. félagslaganna.

Ómálefnaleg og ólögmæt sjónarmið virðist ráða gerðum stefnda þegar hann ákveði að efna til verkfalls hjá einum litlum flugrekstraraðila úr hópi allnökkurs fjölda slíkra aðila, sem stefndi hafi ekki náð samningum við, sbr. 2. tl. í fundarboði stefnda dskj. nr. 3. og 4.

Ekki sé fullnægt skilyrðum 14. gr. 1. nr. 80/1938 fyrir verkfallsaðgerðum því að verkfallið sé ekki boðað til að vinna að framgangi krafna í vinnudeilum eða til verndar öðrum lögvörðum hagsmunum skv. lögum nr. 80/1938. Ekki sé um neina vinnudeilu að ræða, því í gildi séu ráðningarsamningar milli stefnanda og þeirra starfsmanna, sem eigi að fara í verkfallið. Þeim samningum hafi hvorki verið sagt upp, þeim rift eða þeir vanefndir. Fyrirhugað verkfall sé því brot á

fríðarskyldu, sem almennt sé talin gilda í samskiptum aðila um kaup og kjör.

Stefndi hafi beint öllum athöfnum sínum, ályktunum og bréfaskriftum að Leiguflugli h.f. Félag með því nafni sé undir gjaldþrotaskiptum en núverandi flugrekstraraðili, sem stefndi ætli augljóslega að beina aðgerðum sínum að beri annað heiti, sbr. diskj. nr. 10. og 11. Þetta misræmi leiði til þess að ákvörðun um, boðun og framkvæmd fyrirhugaðs verkfalls hjá stefnanda fái ekki staðist og sé ólögmat.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Samkvæmt 2. grein félagslaga Félags íslenskra atvinnuflugmanna, FÍA, sé það einn megintilgangur félagsins að gera samninga fyrir hönd félagsmanna sinna um kaup og kjör við alla sem kunni að ráða flugmenn til starfa. Hafi félagið gert fjölda kjarasamninga við stærri og smærri flugrekstraraðila. Eftir að stefnandi hóf starfsemi hafi verið leitað hófana um gerð kjarasamnings. Hafi stefnanda meðal annars verið ritað bréf 17. desember 1993 þar sem óskað var eftir kjarasamningsviðræðum. Í bréfinu hafi einnig verið minnt á skyldur stefnda við flugrekstraraðila, sem stefndi hafi gert kjarasamninga við, um að gera svipaða samninga við aðra með vísan til jafnræðis- og samkeppnissjónarmiða. Bréfinu hafi ekki verið svarað. Starfsmenn stefnanda hafi einnig leitað liðsinnis stefnda, átt viðræður við talsmenn FÍA og óskað eftir félagsaðild. Hafi verið orðið við þeim óskum. Jafnframt hafi starfsmenn stefnanda mætt á formlegan fund þann 17. janúar 1994 með forsvarsmönnum FÍA, lögmanni félagsins og fleiri flugmönnum smærri flugrekstraraðila þar sem farið hafi verið yfir félagslega stöðu flugmanna, kjarasamninga, réttindi og skyldur FÍA og félagsmanna og margt fleira. Hafi verið einhugur meðal fundarmanna um að knýja á um gerð kjarasamnings við nýja flugrekstraraðila sem ekki hafi verið samið við fyrr. Komi þar til skert starfsöryggi og fjölmörg kjaraatriði, sem þessir starfsmenn og starfsmenn annarra flugfélaga hafi talið að væri áfátt. Síðari samtöl við Ísleif Ottesen, framkvæmdastjóra stefnanda, hafi engan árangur borið.

Stefnanda hafi enn verið ritað bréf 14. júní og skorað á hann að semja um og gera kjarasamning sem ekki fæli í sér lakari kjör en kjarasamningur FÍA við Flugleiðir hf. Áður hafi stefnanda verið send tillaga að kjarasamningi og kjarasamningur FÍA og Flugleiða hf., en stefndi hafi verið reiðubúinn til að taka tillit til sérþarfa

stefnanda um öll kjaratriði. Enn hafi stefnandi ekki séð ástæðu til að svara stefnda. Hafi stefndi því ekki átt aðra úrkosti en að knýja á um gerð kjarasamnings með boðun verkfalls. Hafi stjórn félagsins ákveðið að boða til félagsfundar til að kanna vilja félagsmanna og afla heimildar samkvæmt félagslögum til handa trúnaðarráði til verkfallsboðunar, eins og glöggt komi fram í fundarboðum á dskj. nr. 3 og 4 og fundargerð á dskj. nr. 17. Að dómi stjórnar hafi samkvæmt 33. grein félagslaga verið nauðsynlegt að afla verkfallsheimildar og boða til félagsfundar og fundar trúnaðarráðs hið allra fyrsta þar sem í hönd hafi farið háannatími og verkfallsaðgerðir líklegar til að leiða til gerðar kjarasamnings á mjög stuttum tíma og með sem allra minnstum erfiðleikum og tekjutapi fyrir báða aðila. Hafi verið boðað til félagsfundarins með auglýsingum í dagblaði og útvarpi 26. júní 1994 með úthringingum til félagsmanna gegnum hraðboðunarkerfi félagsins og auk þess með bréfum póstsendum 24. júní 1994. Með þessu hafi verið tryggt, að félagsmenn fengju fundarboð einum þremur sólarhringum fyrir fyrirhugaðan fund. Félagsfundurinn hafi verið haldinn 28. júní 1994 og hafi fundurinn samþykkt að heimila trúnaðarráði boðun verkfalls, eins og nánar sé lýst í fundargerð á dskj. nr. 17. Á fundinum hafi sérstaklega verið samþykkt að boða til verkfalls hjá stefnanda og ennfremur almenn heimild til trúnaðarráðs til að boða verkfall hjá þeim aðilum sem ósamið var við. Í þeim hópi sé stefnandi. Um fundinn og boðun hans hafi farið að félagslögum og hafi hann verið lögmætur. Á fundi trúnaðarráðs 29. júní 1994 hafi vinnustöðvun hjá stefnanda síðan verið samþykkt með öllum greiddum atkvæðum fundarmanna, tólf trúnaðarráðsmanna af þeim sautján sem eigi sæti í trúnaðarráði, sbr. einnig fundargerð á dskj. nr. 18. Í fundargerðinni sé fjallað um verkfallssamþykktir félagsfundarins og tekið fram, að lögum skv. þurfi trúnaðarráð að samþykkja verkfallsboðun.

Vinnustöðvunin hafi verið tilkynnt stefnanda með bréfi dags. 29. júní 1994 og símskeyti dags. sama dag. Ennfremur hafi ríkissáttasemjara verið tilkynnt ákvörðun stefnda um vinnustöðvunina með því að senda honum afrit af bréfi til stefnanda. Tilkynningin hafi borist báðum aðilum með góðum skilum. Stefnandi hafi strax brugðist við boðuninni með hraðskeyti og jafnframt bréfi, dags. 1. júlí 1994, þar sem meðal annars var mótmælt ákvarðanatöku um verkfallið og boðun þess sem ólögmætri. Enginn misskilningur hafi

verið um það gegn hverjum vinnustöðvunin beindist, en framkvæmdastjóra stefnanda, sem móttók boðunina, hafi verið kunnugt um að hverju stefndi allt frá því er félagsfundurinn var auglýstur, en á fundinum hafi hann látið tvo starfsmenn sína skrá niður fundargerð fyrir sig, sbr. dskj. nr. 7.

Stefndi rökstuddi frávisunarkröfu sína einkum með því að kröfur stefnanda séu ekki dómtækar. Fyrri efniskrafa stefnanda byggji á þeim misskilningi, að endanleg ákvörðun um verkfall hafi verið tekin á félagsfundi. Jafnvel þótt stefndi féllist á þessa kröfu standi það fast að verkfall muni hefjast á grundvelli samþykktar trúnaðarráðs samkvæmt heimild í c lið 15. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeildur. Efnisdómur, sem gengi stefnanda í hag, breytti engu þar um. Dómurinn geti ekki á grundvelli kröfugerðar stefnanda, eins og hún sé orðuð, tekið á því hvort boðun trúnaðarráðsins sé lögmæt eða ekki og mun ekki fela í sér lyktir á deilu aðila, nema sýknudómur gangi. Megi segja að stefnandi sé að leita fræðilegs álits, sem ekki sé nauðsynlegt að gefa eins og hagar til með fyrri efniskröfu stefnanda.

Önnur efniskrafa stefnanda sé svo almenns eðlis, að efnisdómi á grundvelli hennar verði ekki fullnægt. Slíkur dómur skapaði fleiri vandamál en hann leysti. Krafan sé sett fram áður en verkfallið komi til framkvæmda og ekkert liggja fyrir um það hvað sé ólögmætt við framkvæmd verkfallsins. Virðist stefnandi ætla dómnum að sjá fyrir óorðna framkvæmd verkfalls.

Hvorug efniskrafa stefnanda fullnægi þeim réttarfarskröfum sem gera verði, sbr. einkum 1. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr. og d og f lið 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, og einnig 50. gr. og 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Stefndi féllst á, að málið sé flutt í einu lagi um form- og efniskröfur, sbr. 2. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991.

Rökstuðningur fyrir sýknukröfum felist að verulegu leiti í lýsingu atvika hér að framan. Meginsjónarmið stefnda sé að boðun vinnustöðvunarinnar hafi í einu og öllu farið að c lið 15. gr. laga nr. 80/1938 sbr. 22., 32., 33., 30. og 34. gr. félagslaga stefnda á dskj. nr. 10. Þessi lögbundna aðferð hafi verið tíðkuð við nánast allar verkfallsboðanir um áratugaskeið án nokkurra andmæla frá félögum atvinnurekenda. Í þessu sambandi vísar stefndi til yfirlýsingar Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og úrdráttar úr félagslögum félagsins á dskj. nr.

25. Jafnframt er vísað til greinargerðar með frumvarpi að lögum nr. 80/1938 og fordæma sem rakin verði við aðalflutning málsins.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 80/1938 sé stefndi lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna. Flugmenn stefnanda séu félagsmenn stefnda. Hafi stefndi samningsrétt fyrir þá sem og aðra félagsmenn sína sem í framtíðinni kunni að hefja störf hjá stefnanda. Væri stefnda jafn heimilt að gera kröfu um kjarasamning hvort sem félagsmenn starfi hjá viðkomandi atvinnurekanda eða ekki. Sú sé grundvallarhugsun laga nr. 80/1938. Fyrir liggi, að stefnandi hafi hvorki gert kjarasamning né sé félagi í Vinnuveitendasambandi Íslands eða öðrum félögum atvinnurekenda sem hafi gert kjarasamninga sem nú eru í gildi. Stefndi hafi sett fram skýrar kröfur í vinnudeilu sinni við stefnanda, þess efnis að stefnandi gangi inn í gildandi kjarasamning. Hér sé um brýna kröfu að ræða sem varði miklu fyrir hagsmuni stefnda sem stéttarfélags. Krafan snúist um grundvallarréttindi stéttarfélaga, samningsréttinn. Stefndi hafi ekki séð ástæðu til að svara þessum ítarlegu og sundurliðuðu kröfum og alls ekki leitað eftir að gera kjarasamning sem hentaði honum eins og ranglega sé fullyrt í stefnu. Stefnda sé því heimilt samkvæmt 14. gr. laga nr. 80/1938 að beita verkfalli til að þvinga fram lausn á deilunni. Þá sé skýrt, að stefnandi hafi þverskallast við öllum tilmælum um kjarasamningsviðræður. Það eitt réttlæti verkfallsaðgerðir gegn honum. Aðrir samningsaðilar hafi sest að samningum. Stefndi minnr á þá meginreglu vinnuréttar, að beita megi verkfalli, nema það sé ótvírætt bannað með lögum. Stefndi hafi ekki tekist að sýna fram á að verkfall stefnda sé andstætt lögum. Allra formreglna hafi verð gætt um boðun og tilkynningar.

Flugmenn hjá stefnanda séu fullgildir meðlimir í FÍA, sbr. 3., 4. og 5. grein félagslaga á dskj. nr. 10. Þeir starfi hjá flugrekstraraðila sem sé viðsemjandi FÍA. Stefndi sé viðsemjandi stefnda hvort sem samningar hafi tekist eða ekki. Þá sé rétt að taka fram, að félagslög FÍA gildi í einu og öllu um svonefnda aukafélaga og njóti þeir allra réttinda og beri skyldur að öðru leyti en því að þeir hafi ekki atkvæðisrétt og kjörgengi, sbr. 6. grein félagslaganna. Stefndi mótmælir því að ómálefnaleg og ólögmat sjónarmið hafi ráðið boðun verkfalls hjá stefnanda. Þvert á móti ráði þar skyldur og jafnræðissjónarmið gagnvart öðrum viðsemjendum og samkeppnisaðilum stefnanda. Kjarasamningar séu í gildi við allfesta flugrekstraraðila

og í burðarliðnum gagnvart öðrum samkeppnisaðilum stefnanda, svo sem Flugtaki. Framkvæmd verkfalla sé á valdi stéttarfélaga. Stéttarfélög geti boðað verkföll gagnvart einum eða fleirum atvinnurekanda á starfssvæði sínu, takmarkað verkfall við útflutning, bensínafgreiðslu eða byggingarstaði svo dæmi séu nefnd.

Af hálfu stefnda er þeim skilningi stefnanda mótmælt, að meintir ráðningarsamningar geti komið í stað kjarasamnings og leitt til þess að boðað verkfall sé brot á friðarskyldu. Ráðningarsamningar séu einstaklingsbundnir en kjarasamningar félagslegir. Félagsglegur samningur hafi ekki verið gerður milli aðila málsins í skilningi laga nr. 80/1938 og þar með sé friðarskylda ekki fyrir hendi. Stefnandi hafi ekki gert skriflega ráðningarsamninga við starfsmenn sína, sbr. einnig yfirlýsingu á dskj. nr. 22. Stefnandi hafi aldrei velkst í vafa um að verkfallið beindist gegn honum. Hafi hann mótttekið bæði bréf og símskeyti þar sem tilkynnt sé um vinnustöðvunina. Hafi vinnustöðvunin verið tilkynnt þeim sem hún beinist aðallega gegn í skilningi 16. gr. laga nr. 80/1938. Stefnandi kjósi sjálfur að stunda starfsemi sína undir nafninu Leiguflug hf., samkvæmt skráningu í símaskrá og á bréfsefni. Einnig sé talað um Leiguflug hf. í stefnu og í svokallaðri fundargerð starfsmanna stefnanda á dskj. nr. 7. Verkfallsboðun stefnda hafi verið stíluð á Leiguflug hf., Ísleif Ottesen, sbr. dskj. 19 og 5, og verði ekki mistúlkuð nema fyrir ómálefnalegar hártoganir, sem dómur verði ekki byggður á.

Dskj. nr. 7, 8 og 9 er mótmælt sem röngum, óstaðfestum og þýðingarlausum fyrir úrslit málsins. Flugmenn stefnanda hafi ekki samið um fjölmörg þýðingarmikil kjaraatriði, sem einkum lúti að starfsöryggi þeirra. Hér megi nefna starfsaldurslista, tryggingar, vinnutímareglur, reglur um útköll og bakvaktir, orlof, lífeyri, félagsgjöld, sjúkrasjóð, starfsmenntun, dagpeninga, einkennisföt, leiguflug erlendis, uppsagnir, veikindi og fleira, eins og dskj. 27 og 28 beri með sér. Stefnandi vilji vera einráður um kaup og kjör starfsmanna sinna og ráða þá og reka að eigin geðþótta. Hann virði samningsrétt stefnda að vettugi, rétt sem talinn sé til mannréttinda, sbr. 23., 24. og 25. gr. Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og félagsmálasáttmála Evrópu, einkum I. kafla tl. 5 og 6 og 5., og 6. gr. II. kafla.

Krafa um málskostnað er rökstudd með vísun til XXI. kafla laga

nr. 91/1991 og um virðisaukaskatt með vísun til laga nr. 50/1988, en stefndi reki ekki virðisaukaskattskylda starfsemi.

Niðurstaða.

Í 15. gr. laga nr. 80/1938 er tæmandi talið með hvaða hætti ákvörðun um vinnustöðvun skuli tekin. Er um þrjár mismunandi leiðir að ræða og er vinnustöðvun, sem samþykkt er á annan hátt, ólögmæt.

Í öðrum lið kröfugerðar stefnanda er þess krafist að framkvæmd boðaðs verkfalls hjá stefnanda verði dæmd ólögmæt. Krafa þessi er ekki svo ljóst orðuð sem skyldi en í málflutningi lögmanns stefnanda kom fram, að um væri að ræða kröfu um, að verkfall það sem hefjast skyldi 7. þ.m. kl. 00.01 yrði dæmt ólögmætt. Með vísan til 56. gr. laga nr. 80/1938 þykir mega skýra kröfuna á þann veg enda fer slík skýring ekki í bága við orðalag í stefnu. Ekki er því ástæða til að vísa þessum kröfulið frá dómi svo sem stefndi krefst.

Fram er komið, að ákvörðun stefnda var hvorki tekin við almenna leynilega atkvæðagreiðslu samkvæmt a. lið 15. gr. laga nr. 80/1938 né af samninganefnd eða félagsstjórn, sem fengið hafði umboð til að taka ákvörðun um vinnustöðvun samkvæmt b. lið sömu lagagreinar. Af þessu er ljóst að ákvörðun um vinnustöðvun verður ekki tekin á félagsfundi. Þetta fær enn frekari stoð í meðferð frumvarps til laga nr. 80/1938 á Alþingi.

Kemur þá til athugunar hvort gild ákvörðun um vinnustöðvun hjá stefnanda hafi verið tekin samkvæmt c. lið 15. gr. laga nr. 80/1938. Sá stafliður heimilar að ákvörðun um vinnustöðvun sé tekin „af trúnaðarmannaráði, ef lög viðkomandi félags fela því slíkt vald, enda hafi vinnustöðvunin verið samþykkt með a.m.k. 3/4 hlutum greiddra atkvæða á lögmætum trúnaðarmannaráðsfundi.“

Félagslög stefnda hafa að geyma eftirfarandi ákvæði í 22. gr. um ákvörðun trúnaðarráðs um vinnustöðvun: „Trúnaðarráð hefur heimild til að boða vinnustöðvun að fenginni heimild félagsfundar, sbr. 32. grein. Trúnaðarráð hefur heimild til að létta af vinnustöðvun.“ Þá segir svo um lögmæti funda trúnaðarráðs og atkvæðameirihluta til gildirar ákvarðanatöku: „Lögmætir eru fundir ráðsins sé helmingur þess mættur og ræður meirihluti atkvæða, nema í vinnudeilum. Þarf þá 3/4 hluta greiddra atkvæða til boðunar aðgerða en meirihluta til afboðunar. Slík ákvörðun er þá lögmæt og bindandi fyrir alla félagsmenn.“ 32. gr. félagslaganna hljóðar svo: „Til að

heimila trúnaðarráði verkfallsboðun skv. 22. gr. þarf samþykki 2/3 hluta félagsmanna á lögmatum félagsfundi.“

Ákvörðun um verkfallsboðun hjá stefnanda var tekin á almennum félagsfundi stefnda, sem haldinn var 28. júní sl. Samkvæmt framlagðri fundargerð þessa fundar stefnda var samþykkt fundarins um verkfallsboðun þessa, sem óumdeilt er að gerð var með handauppréttingu, svohljóðandi:

„Félagsfundur FÍA haldin þann 28.06 1994 samþykkir að boða verkfall hjá Leiguflugi h.f. frá og með 7. júlí 1994.“

Hinn 29. júní sl. var haldinn fundur í trúnaðarráði stefnda. Í framlagðri fundargerð trúnaðarráðsins kemur fram, að aðeins eitt mál var á dagskrá fundarins eða eins og segir í fundargerðinni:

„Verkfallsboðun hjá leiguflugi Ísleifs Ottesen.

Félagsfundur haldin 28. júní samþykkti verkfallsboðun hjá leiguflugi Ísleifs frá 7. júlí 1994, en lögum samkvæmt þarf trúnaðarrád að samþykkja verkfallsboðun.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Fundur trúnaðarráðs FÍA þann 29. júní '94 samþykkir boðun vinnustöðvunar hjá leiguflugi h.f./Flugmennt frá og með 7. júlí 1994.

Litlar umræður um tillöguna og hún því borin undir atkvæði og samþykkt með 12 atkvæðum.“

Ekki verður ráðið af gögnum málsins, að boðun til umrædds félagsfundar stefnda hafi út af fyrir sig verið áfátt, sbr. 33. gr. félagslaga stefnda, eða að fundur þessi hafi af öðrum ástæðum verið ólögmat. Af fyrrgreindum ákvæðum félagslaga stefnda leiðir hins vegar, að trúnaðarráði stéttarfélagsins er ekki falið óskilyrt vald til að taka ákvörðun um vinnustöðvun samkvæmt félagslögnum., Er og óumdeilt, að trúnaðarráðið er ekki bært til að taka ákvörðun um vinnustöðvun nema með samþykki félagsfundar. Þegar þetta er virt og ákvörðun nefnds félagsfundar stefnda um hina umdeildu vinnustöðvun hjá stefnanda, verður ekki talið að ákvörðun um vinnustöðvunina hafi verið tekin með þeim hætti, sem mælt er fyrir um í c. lið 15. gr. laga nr. 80/1938.

Samkvæmt framansögðu hefur fyrir mæla 15. gr. laga nr. 80/1938 því ekki verið gætt við ákvörðun um hina umdeildu vinnustöðvun. Ber því að taka til greina þær kröfur stefnanda að ákvarðanir stefnda um vinnustöðvun þessa, sem boðuð var með bréfi, dags. 29.

júní 1994, og hefjast átti kl. 00:01 fimmtudaginn 7. júlí 1994, verði dæmdar ólögmætar.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

D ó m s o r ð:

Kröfu stefnda um frávísun annars liðs í stefnu er hafnað.

Vinnustöðvun hjá stefnanda, Leiguflugi, Ísleifur Ottesen hf., sem boðuð var af stefnda, Félagi íslenskra atvinnuflugmanna, með bréfi, dags. 29. júní 1994, og hefjast skyldi kl. 00:01 fimmtudaginn 7. júlí 1994, er ólögmæt.

Málskostnaður fellur niður.
